

TILKYNNING

Nánari útskýringar á forsendum uppgjörs HFF bréfa

Uppgjör skuldabréfa í flokkunum HFF150434 og HFF150644 fór fram 12. júní 2025 („uppgjörsgdagur“). Uppgjörið var í samræmi við lið (i) í grein 7.A í skilmálum bréfanna, sem samþykkt var að bættist við til bráðabirgða á fundi skuldabréfaeigenda þann 10. apríl 2025. Vörsluaðilar hafa staðfest að ráðstöfun verðbréfa og reiðufjár inn á reikninga eigenda HFF skuldabréfanna sé lokið. Niðurfærsla HFF bréfanna er í vinnslu og í kjölfarið verða bréfin tekin úr viðskiptum í kauphöll.

Í samræmi við grein 7.A í skilmálum bréfanna byggir uppgjörið á virðismati HFF skuldabréfanna og uppgjörseigna 7. mars 2025 („viðmiðunardagur“), að teknu tilliti til aðlögunar vegna vaxta á reiðufé og greiðslna af HFF bréfum og uppgjörseignum frá viðmiðunardegi til uppgjörsgdags. Einnig gerir grein 7.A ráð fyrir að skipting uppgjörseigna byggji á uppfærðu verðmati uppgjörseigna samkvæmt sömu forsendum og á viðmiðunardegi, í þeim tilgangi að tryggja jafnræði allra eigenda við uppgjörið, þ.e. án tillits til þess hvaða eign féll þeim í skaut. Ekki er því um að ræða neina breytingu á forsendum uppgjörsgins heldur aðferð við að tryggja öllum eigendum sömu hlutdeild í þeim verðmætum sem fólgin voru í uppgjörseignunum.

Rétt er að skýra aðferðafræðina nánar:

1. Reiðufé

Sundurliðun á aðlögunum á reiðufé í ISK og reiðufé í EUR frá viðmiðunardegi til uppgjörsgdags má sjá í neðangreindum töflum:

Aðlögun á reiðufé frá viðmiðunardegi til uppgjörsgdags

	HFF150434	HFF150644
Reiðufé í ISK á viðmiðunardegi	14.494	3.503
Vextir frá 7. mars til 12. júní	295	71
Gjalddagi HFF34 - 15. apríl 2025	(10.837)	-
Vextir á greiðslu frá 15. apríl 2025 til 12. júní 2025	(128)	-
Greiðslur af uppgjörseignum	191	557
Vextir á greiðslur frá greiðsludegi til 12. júní 2025	2	6
Reiðufé í ISK á uppgjörsgdegi	4.017	4.137
Reiðufé í EUR á viðmiðunardegi	€ 96,0	€ 279,3
Vextir frá 7. mars til 12. júní	€ 0,6	€ 1,8
Reiðufé í EUR á uppgjörsgdegi	€ 96,6	€ 281,1
Reiðufé í EUR á viðmiðunardegi (gengi 146,54)	14.065	40.935
Reiðufé í EUR á uppgjörsgdegi (gengi 144,60)	13.968	40.653

Greiðslur af uppgjörseignum á tímabilinu

	Greiðsludagur	Fjárhæð	Vextir
HARP 46 0217	17.3.2025	56	1
LSS150434	15.4.2025	450	5
HARP 46 0217	17.4.2025	57	1
HARP 46 0217	17.5.2025	57	0
ISB CBI 30	30.5.2025	128	0
		748	8

Meðalvextir á reiðufé á tímabilinu voru 7,47% í ISK og 2,38% í EUR.¹

2. Áhrif verðmats uppgjörseigna

Við innbyrðis hlutfallslega skiptingu uppgjörseigna milli kröfuhafa er í samræmi við ákvæði gr. 7.A tekið tillit til virðismats uppgjörseigna þann 3. júní 2025, sem byggt er á sömu forsendum og fyrra mat.

Uppfært virðismat HFF150434 er sett fram í neðangreindum töflum:

Virði uppgjörseigna HFF150434

	Viðmiðunar- dagur	Uppgjörs- dagur
Ríkisskuldabréf		
RIKS 29 0917	51.859	53.214
RIKS 34 1016	40.074	41.147
RIKS 36 0815	27.465	28.127
RIKS 39 1115	16.757	17.080
	136.154	139.567
Önnur verðbréf		
HARP 46 0217	2.511	2.535
ISB CBI 30	2.102	2.114
LBANK CBI 28	3.268	3.343
LSS150434	1.821	1.758
	9.702	9.750
Reiðufé í gjaldeyri (EUR)	14.065	13.968
Reiðufé í íslenskum krónum	14.494	4.017
Samtals eignir afhentar	174.415	167.303
Greiðslur til kröfuhafa á tímabilinu		10.965
Samtals eignir með greiðslum til kröfuhafa		178.268

Virði uppgjörseigna afhentar eigendum HFF34-bréfa var 174,4 ma.kr. á viðmiðunardegi en hefur lækkað í 167,3 ma.kr. á uppgjörssdegi. Leiðrétt fyrir gjalddaga af HFF34 bréfunum þann 15. apríl sl., er virði uppgjörseigna á uppgjörssdegi 178,3 ma.kr.

Virði uppgjörs til einstakra kröfuhafa byggir á hlutfallslegri eign þeirra af virði uppgjörseigna á viðmiðunardegi. Til dæmis á kröfuhafi sem heldur á 1.000 m.kr. að

¹ Vextir á ISK tóku mið af vöxtum á óbundnum innistæðum (viðskiptareikningum) hjá Seðlabanka Íslands sem voru 7,75% á viðmiðunardegi og lækkuðu í 7,5% frá 19. mars 2025 og í 7,25% frá 21. maí 2025. Vextir í EUR tóku mið af vöxtum á óbundnum innistæðum hjá Seðlabanka Evrópu sem voru 2,75% á viðmiðunardegi og lækkuðu í 2,5% frá 12. mars 2025, 2,25% frá 23. apríl 2025 og 2,0% frá 11. júní 2025

nafnverði í HFF34, um 0,7% af uppgjörseignum (1.000/142.488, þar sem 142.488 m.kr. er útgefið nafnverð). Viðkomandi kröfuhafi hefði fengið uppgjörseignir að andvirði 1.224 m.kr. ef uppgjör hefði farið fram 7. mars 2025 ($0,7\% \cdot 174.415$) en fær eignir að andvirði 1.174 m.kr. á uppgjörssdegi ($0,7\% \cdot 167.303$), auk þess sem viðkomandi hefur fengið greiðslu gjalddaga á tímabilinu.

Uppfært virðismat HFF150644 er sett fram í neðangreindum töflum:

Virði uppgjörseigna HFF150644

	Viðmiðunar- dagur	Uppgjörss- dagur
Ríkisskuldabréf		
RIKS 29 0917	17.632	18.093
RIKS 34 1016	24.675	25.336
RIKS 36 0815	37.353	38.252
RIKS 39 1115	37.982	38.714
RIKS 41 0815	57.165	58.147
RIKS 44 1017	58.405	59.171
RIKS 47 1115	56.708	57.248
RIKS 50 0915	56.707	57.087
RIKB 32 1015	57.611	58.721
	404.237	410.768
Önnur verðbréf		
HARP 46 0217	7.289	7.360
ISB CBI 30	6.136	6.169
LBANK CBI 28	9.546	9.766
LSS150434	5.299	5.117
	28.270	28.413
Reiðufé í gjaldeyri (EUR)	40.935	40.653
Reiðufé í íslenskum krónum	3.503	4.137
Samtals eignir afhentar	476.945	483.971

Engar greiðslur hafa verið á bréfunum á tímabilinu. Uppgjörseignir afhentar eigendum HFF44-bréfa hafa hækkað úr 477 ma.kr. á viðmiðunardegi í 484 ma.kr. á uppgjörssdegi. Útgefið nafnverð HFF44 er 249.675 m.kr. Eigandi sem heldur á 1.000 m.kr. nafnverðseiningum af HFF44, á 0,4% af uppgjörseignum (1.000/249.675). Viðkomandi eigandi hefði fengið eignir að andvirði 1.910 m.kr. ef uppgjör hefði farið fram þann 7. mars 2025 ($0,4\% \cdot 476.945$) en fékk eignir að andvirði 1.938 m.kr. á uppgjörssdegi ($0,4\% \cdot 483.971$).

3. Skipting uppgjörseigna

Frá viðmiðunardegi til uppgjörssdags bera þannig allir kröfuhafar jafna áhættu af virðisbreytingum uppgjörseigna. Uppfært virðismat uppgjörseigna hefur því eingöngu áhrif á skiptingu uppgjörseigna milli eigenda krafna yfir og undir kr. 1.200.000.000 og er framkvæmt í þeim tilgangi að tryggja jafnræði kröfuhafa við uppgjör eins og tillaga að skilmálabreytingu kveður nánar á um.

Uppfært virðismat breytir hins vegar engu um virði uppgjörseignanna eins og það var endanlega ákvarðað 7. mars 2025 sem full greiðsla fyrir HFF skuldabréfin.

ÍL-sjóður ber ekki ábyrgð á framkvæmd uppgjors hjá vörsluaðilum gagnvart eigendum bréfanna sem kann að vera ólíkt á milli aðila. Hafi uppgjör verið framkvæmt miðað við verðmæti uppgjörseigna á uppgjorsdegi mun það leiða af sér að reiknuð ávöxtunarkrafa HFF-bréfa á uppgjorsdegi sé hærri en ávöxtunarkrafa bréfanna á viðmiðunardeginum, þar sem ávöxtunarkrafa flestra uppgjörseigna hefur hækkað frá viðmiðunardegi og gengi EUR lækkað. Það breytir því þó ekki að uppgjórið byggði á virðismati HFF skuldabréfanna, þar með talið ávöxtunarkröfu, á viðmiðunardeginum 7. mars 2025.